

## SAMÞYKKT

### um meðhöndlun úrgangs í Kópavogsbæ.

#### 1. gr.

##### *Gildissvið.*

Samþykkt þessi gildir fyrir meðhöndlun úrgangs, þ.m.t. hirðu, söfnun og förgun úrgangs, í Kópavogsbæ.

#### 2. gr.

##### *Almenn ákvæði.*

Meðhöndlun úrgangs skal vera samkvæmt ákvæðum samþykktar þessarar og reglugerðar nr. 737/2003, um meðhöndlun úrgangs og laga nr. 55/2003, um meðhöndlun úrgangs. Umhverfissvið Kópavogsbæjar ber ábyrgð á úrgangsmálum og samskiptum við þá aðila sem þeim viðfangsefnum tengjast. Bæjarstjórn er heimilt að fela öðrum framkvæmd söfnunar á úrgangi, rekstur söfnunarstöðva, móttökustöðva, flokkun og/eða förgun úrgangs. Skal sá rekstraraðili hafa starfsleyfi frá heilbrigðisnefnd Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis og Umhverfisstofnun eftir því sem við á.

#### 3. gr.

##### *Markmið.*

Markmið samþykktarinnar er:

1. að tryggja að meðhöndlun úrgangs sé í samræmi við lög og reglugerðir,
  2. að stuðla að úrgangsförvörnum,
  3. að lágmarka það úrgangsmagn sem fer til förgunar með því að auka endurvinnslu og endurnýtingu úrgangs,
  4. að lágmarka kostnað samfélagsins við meðhöndlun úrgangs,
  5. að kostnaður vegna úrgangs greiðist af þeim sem úrganginum veldur.
- Landsáætlun og svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs er lögð til grundvallar samþykkt þessari.

#### 4. gr.

##### *Umsjón og eftirlit.*

Umhverfissvið Kópavogsbæjar fer með ákvörðunarvald í málefnum sem varða meðhöndlun úrgangs í sveitarfélaginu í umboði bæjarstjórnar. Umhverfissvið Kópavogsbæjar fer með daglega yfirstjórn þessara mála samkvæmt samþykkt þessari.

Heilbrigðisnefnd Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis hefur eftirlit með meðhöndlun úrgangs skv. 4. mgr. 4. gr. reglugerðar nr. 737/2003, um meðhöndlun úrgangs, og að farið sé að þessari samþykkt.

#### 5. gr.

##### *Skilgreiningar.*

Í samþykkt þessari er merking eftirfarandi orða og orðasambanda sem hér segir:

1. *Grenndargerði*: Sameiginlegur geymslustaður sorpiláta staðsettur utanhúss þar sem hægt er að koma með flokkaðan endurvinnanlegan og óendurvinnanlegan úrgang sem er í söfnun sorphirðukerfisins hverju sinni.
2. *Heimilísúrgangur (sorp)*: Úrgangur frá heimilum, t.d. matarleifar, pappír, pappi, plast, garðaúrgangur, gler, timbur, málmar og sams konar leifar frá rekstraraðilum o.þ.h.
3. *Húsráðendur*: Eigendur húsa eða íbúar, sem bera sömu ábyrgð og eigendur, ef aðrir en eigendur húseigna búa í þeim.
4. *Meðhöndlun úrgangs*: Söfnun, geymsla, böggun, flokkun, flutningur, endurnotkun, endurnýting, pökkun og förgun úrgangs, þ.m.t. eftirlit með slíkri starfsemi og umsjón með förgunarstöðum eftir að þeim hefur verið lokað.
5. *Rekstrarúrgangur*: Úrgangur frá framleiðslu, þjónustu og verslun, t.d. matarleifar, pappír, pappi, plast, gler, timbur, málmar, leifar frá framleiðslu o.þ.h.

6. *Söfnun*: Það að safna úrgangi saman, þ.m.t. forflokkun og bráðabirgðageymsla úrgangs fyrir flutning á móttökustöð.
7. *Söfnunarstöð (gámastöð)*: Staður og aðstaða þar sem tekið er við úrgangi frá almenningi og/eða smærri fyrirtækjum. Þaðan fer hann til endurnotkunar og endurnýtingar eða er fluttur til móttökustöðva.
8. *Úrgangsförvarnir*: Ráðstafanir sem gerðar eru áður en efni, efniviður eða vara er orðin að úrgangi og draga úr:
  - a. magni úrgangs, þ.m.t. með endurnotkun vara eða framlengingu á notkunartíma vara,
  - b. neikvæðum áhrifum á umhverfið og heilbrigði manna vegna úrgangs sem hefur myndast, eða
  - c. innihaldi skaðlegra efna.
9. *Úrgangur*: Hvers kyns efni eða hlutir sem handhafi úrgangs ákveður að losa sig við, ætlar að losa sig við eða er gert að losa sig við.

## 6. gr.

*Skyldur sveitarfélagsins.*

Kópavogsbæ ber að fara eftir eftirfarandi reglum og viðmiðum við meðhöndlun úrgangs:

1. Kópavogsbæ ber skylda til að stuðla að sjálfbærri auðlindanotkun með aðgerðum og fræðslu um úrgangsförvarnir.
2. Stofnanir Kópavogsbæjar skulu vera fyrirmyndir þegar kemur að úrgangsförvörnum og endurnýtingu.
3. Kópavogsbæ ber skylda til að safna öllum heimilisúrgangi, flokkuðum og óflokkuðum, sem til fellur frá heimilum í Kópavogi, annaðhvort með söfnun heimilisúrgangs heim til íbúa eða að bjóða upp á viðeigandi söfnunarstöðvar.
4. Kópavogsbær skal gefa út samþykktar áætlanir sem sýna hvernig sveitarfélagið hyggst að lágmarki standa við markmið lands- og svæðisáætlana um meðhöndlun úrgangs. Slík áætlun skal vera skipt upp í tólf ára langtímaáætlun og sex ára skammtímaáætlun sem tekur mið af að ná markmiðum langtímaáætlunar. Í sex ára áætlunina skal setja upp áætlanir um heimtu endurvinnanlegra efna.
5. Við útboð á sorphirðu skal taka mið af skammtímaáætluninni sem bæjarstjórn samþykkir.
6. Endurskoða þarf áætlanirnar ef breytingar verða á lögum og reglugerðum er snúa að meðhöndlun úrgangs. Langtímaáætlanir taka gildi við samþykki bæjarstjórnar.

## 7. gr.

*Úrgangur frá fyrirtækjum.*

Rekstraraðilar skulu sjálfir sjá um að koma úrgangi sem fellur til við reksturinn í viðeigandi meðhöndlun. Frágangur og umgengni um sorpilát, svo og flutningur á úrgangi frá fyrirtækjum skal vera í samræmi við fyrirmæli umhverfissviðs. Staðsetning sorpgáma eða móttaka vegna rekstrarúrgangs skal vera í samræmi við ákvarðanir umhverfissviðs þar um. Óheimilt er að geyma rekstrarúrgang á lóðum lengur en nauðsyn getur talist.

## 8. gr.

*Söfnun á heimilisúrgangi.*

Söfnunarílát skulu vera við heimili og er sérhverjum húsráðanda skylt að nota þau ílát og/eða þær aðferðir við geymslu og meðferð úrgangs sem Kópavogsbær ákveður hverju sinni í samræmi við lög og reglur þar að lútandi. Aðeins er heimilt að setja úrgang sem fellur til við venjulegt heimilis-hald í sorpilát sem ætluð eru fyrir heimilisúrgang og rúmast í þau sorpilát sem samþykkt eru af bæjarstjórn. Notendur skulu ávallt fara eftir þeim fyrirmælum sem fyrir liggja við flokkun úrgangs.

Árlega kynnr umhverfissvið dagsetta áætlun um söfnun heimilisúrgangs eftir hverfum í Kópavogi. Áætlun þessi skal vera aðgengileg íbúum á vefsvæði Kópavogsbæjar. Umhverfissviði er heimilt að víkja frá þeirri áætlun sem gerð er vegna sérstakra aðstæðna. Ef slíkar aðstæður koma upp skal það auglýst og tilkynnt íbúum, skal sú auglýsing einnig birt á vefsíðu bæjarins. Allan úrgang sem að mati húsráðenda þarf að losa örar en gert er ráð fyrir í áætlun skal húsráðandi á eigin kostnað

losa í söfnunarstöð. Húseigendur og húsfélög geta sótt um fleiri sorpilát til þjónustumiðstöðvar Kópavogsbæjar gegn gjaldi.

## 9. gr.

*Sorpilát.*

Kópavogsbær leggur heimilum í sveitarfélaginu til sorpilát. Húsráðandi getur óskað eftir því við Kópavogsbæ að nota önnur sorpilát enda skal kostnaður við þau greiddur af húsráðanda. Með sorphirðugjöldum hefur húsráðandi greitt fyrir þau sorpilát sem bærinn leggur til. Húsráðendur eða hússtjórnir fjölbýlishúsa geta beðið um að ílátum sé fjölgað eða fækkað og greiðir þá viðkomandi fyrir flutning íláta samkvæmt reikningi og aukagjald fyrir hvert ílát.

Á stöðum þar sem aðstæður leyfa ekki að sorpilát séu staðsett innan lóðar í samræmi við byggingarreglugerð, er húseigendum heimilt að sækja um geymslu sorpiláta á bæjarlandi til umhverfissviðs. Við slíkar aðstæður er Kópavogsbæ heimilt að setja upp grenndargerði sem húseigendur og almennir íbúar geta nýtt sér ef þess er talið þörf. Við þessar aðstæður greiða húsráðendur uppgefið sorphirðugjald.

## 10. gr.

*Staðsetning sorpiláta og aðgengi.*

Sorpilát skulu höfð í þar til gerðum sorpskýlum eða sorpgeymslum ef hægt er að koma því við og skulu þau staðsett þannig að aðgengi að þeim frá götu sé gott. Ef um fjölbýlishús er að ræða skal staðsetja ílát saman eða sameinast um ílát. Sorpgeymslur eða sorpilát skulu standa sem næst aðkomu að lóð. Húseigandi skal halda greiðfærri leið að sorpilátum m.a. með því að hreinsa burt snjó á vetrum. Sorpilát skulu jafnan standa lokuð og ekki fyllt meira en svo að auðveldlega megi loka þeim. Húsráðanda er skylt að skila umframsorpi á viðurkennda móttökustaði. Að öðru leyti er vísað til byggingarreglugerðar nr. 112/2012 og reglugerðar nr. 737/2003, um meðhöndlun úrgangs. Sé þessum ákvæðum ekki fylgt eftir er þeim sem safnar úrgangi frá heimilum heimilt að skilja hann eftir.

## 11. gr.

*Söfnunarstöðvar.*

Kópavogsbær rekur kerfi söfnunarstöðva fyrir flokkaðan úrgang. Söfnunarstöðvar skulu taka á móti flokkuðum úrgangi til endurnýtingar. Stöðvarnar skulu staðsettar á áberandi stað og í alfaraleið.

Flokkun á söfnunarstöðvum er ákveðin af bæjarstjórn í samræmi við landsáætlun og svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs. Með öllu er óheimilt að losa annan úrgang á söfnunarstöðvunum en þá flokka úrgangs sem tilgreindir eru með merkingum á hverri söfnunarstöð. Söfnunarstöðvar eru ætlaðar til notkunar fyrir íbúa en ekki fyrirtæki.

Húsfélög geta sett upp grenndargerði innan lóðar með samþykki umhverfissviðs. Lýti má ekki vera af grenndargerðunum, tryggja skal gott aðgengi að sorpilátunum og að þau séu tryggilega fest. Kópavogsbæ er heimilt að setja upp grenndargerði ef talið er að það stuðli að því að markmiðum samkvæmt ákvæðum þessarar samþykktar sé náð. Húsfélög geta sótt um, til umhverfissviðs, leyfi fyrir frekari söfnun á endurvinnanlegum efnum við grenndargerðin.

## 12. gr.

*Annar úrgangur og umgengi á almannafæri.*

Óheimilt er að skilja eftir eða geyma rusl, garðaúrgang eða annan úrgang á víðavangi, á götum, gangstígum eða opnum svæðum í sveitarfélaginu.

Tæki og hlutir sem ekki eru í almennri eða stöðugri notkun skal geyma þannig að nágrannar og vegfarendur hafi ekki ama af. Bifreiðar og önnur skráningarskyld ökutæki skulu geymd á þar til gerðum stæðum. Óheimilt er að geyma skráningarskyld ökutæki án skráningarmerkja, kerrur, tæki, vinnuvélar, báta eða aðra hluti á almennum bifreiðastæðum, á götum eða á almannafæri. Sé brotið gegn þessu verða þau tæki, hlutir eða ökutæki fjarlægð og bera eigendur þeirra allan kostnað af þeirri framkvæmd. Allar undantekningar á þessu ákvæði skulu bornar undir heilbrigðisnefnd og starfsmenn umhverfissviðs.

## 13. gr.

*Upplýsingar og fræðsla.*

Umhverfissvið skal sjá til þess að íbúar fái upplýsingar og fræðslu um skyldur íbúa til að flokka og um aðra meðferð úrgangs, móttöku hans og förgun, t.d. með útgáfu leiðbeininga og fræðsluefnis. Skal fræðsluefni þetta ávallt vera til afgreiðslu á skrifstofu Kópavogsbæjar.

## 14. gr.

*Gjaldtaka.*

Kópavogsbær innheimtir gjald fyrir förgun úrgangs í samræmi við ákvæði 1. mgr. 23. gr. laga nr. 55/2003, um meðhöndlun úrgangs. Þá innheimtir sveitarfélagið gjald fyrir alla aðra meðhöndlun úrgangs og tengda starfsemi í samræmi við 2. mgr. 23. gr. laganna. Gjöldin skulu ákvörðuð og innheimt samkvæmt gjaldskrá sem sett er samkvæmt ákvæðum 23. gr. sömu laga og að fenginni umsögn heilbrigðisnefndar. Gjöld mega aldrei vera hærri en nemur þeim raunkostnaði sem verður til í sveitarfélaginu við meðhöndlun úrgangs og tengda starfsemi, svo og við veitta þjónustu og framkvæmd eftirlits með einstökum þáttum. Sveitarstjórn er heimilt að haga gjaldskrá fyrir sorphirðugjöld með þeim hætti að það hvetji íbúa til að draga úr sorpmagni sem fer til urðunar. Heimilt er að leggja gjöld þessi á hverja fasteign, stofnun eða fyrirtæki sem nýtur þjónustunnar.

Gjöld skal miða við fjölda sorphirðuíláta, hvort sem um er að ræða flokkaðan eða óflokkaðan úrgang og tíðni söfnunar. Heimilt er að innheimta sorphirðugjöld hjá fyrirtækjum og stofnunum eftir magni úrgangs. Gjöld fyrir förgun og hirðu á blönduðum og flokkuðum úrgangi skulu innheimt með fasteignagjöldum og á sömu gjalddögum. Sveitarfélagið skal láta birta gjaldskrána í B-deild Stjórnartíðinda. Í gjaldskránni skal vísa til þessarar samþykktar.

## 15. gr.

*Kvartanir og kærur.*

Hafi húsráðandi fram að færa kvörtun vegna meðhöndlunar úrgangs, skal hann koma henni á framfæri við þjónustumiðstöð Kópavogsbæjar. Telji viðkomandi sig ekki fá fullnægjandi úrlausn, getur hann skotið málum sínum áfram til sviðsstjóra umhverfissviðs.

Heimilt er að kæra stjórnvaldsákvæðanir samkvæmt samþykkt þessari til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála sem starfar samkvæmt lögum nr. 130/2011.

## 16. gr.

*Refsiviðurlög.*

Með brot á samþykkt þessari skal farið samkvæmt ákvæðum VIII. kafla laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, og 68. gr. laga nr. 55/2003, um meðhöndlun úrgangs.

## 17. gr.

*Gildistaka.*

Samþykkt þessi sem er sett samkvæmt ákvæðum 2. mgr. 8. gr. laga nr. 55/2003, um meðhöndlun úrgangs, sbr. ákvæði 25. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, staðfestist hér með og öðlast þegar gildi. Frá sama tíma fellur úr gildi samþykkt nr. 425/1997, um meðhöndlun úrgangs í Kópavogsbæ.

*Umhverfis- og auðlindaráðuneytinu, 11. janúar 2017.*

F. h. r.

**Sigurbjörg Sæmundsdóttir.**

*Laufey Helga Guðmundsdóttir.*